

REGLUGERÐ

um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 322/2014 frá 28. mars 2014 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 3. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. september 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 322/2014**

frá 28. mars 2014

**um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan
eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um möguleika á að samþykka viðeigandi neyðarráðstafanir Evrópusambandsins vegna matvæla og fœðurs, sem flutt eru inn frá þriðja landi, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið ef ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig.
- 2) Í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu 11. mars 2011 var framkvæmdastjórninni tilkynnt um að styrkur geislavirkra kjarnategunda í tilteknum matvælum, sem eru upprunnin í Japan, væri umfram þau aðgerðarmörk fyrir matvæli sem gilda í Japan. Slík mengun getur skapað hættu fyrir heilbrigði manna og dýra í Evrópusambandinu og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 297/2011 ⁽²⁾ var því samþykkt. Í stað þeirrar reglugerðar kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 961/2011 ⁽³⁾ en síðar kom framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2012 ⁽⁴⁾ í hennar stað. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 996/2012 ⁽⁵⁾ kom í stað síðarnefndu reglugerðarinnar.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 996/2012 hefur verið breytt til að taka tillit til þróunar á ástandinu. Þar sem framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 996/2012 gildir aðeins til 31. mars 2014 og til að taka tillit til frekari þróunar á ástandinu þykir rétt að samþykka nýja reglugerð.
- 4) Gildandi ráðstafanir hafa verið endurskoðaðar að teknu tilliti til fleiri en 85 000 gagna um tilvik geislavirkni í fœðri og matvælum öðrum en nautakjöti og fleiri en 232 000 gagna um tilvik geislavirkni í nautakjöti sem japönsk yfirvöld hafa lagt fram varðandi þriðja ræktunartímabilið frá því að slysið átti sér stað.
- 5) Þar eð styrkur geislavirkni, sem er yfir tilskildum kröfum, eða umtalsverður styrkur geislavirkni finnst enn í fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í héraðinu Fukushima, er rétt að viðhalda núgildandi kröfum um sýnatöku og greiningu á öllu fœðri og matvælum, sem upprunnin eru í því héraði, fyrir útflutning til Sambandsins. Almennu undanþágurnar, t.d. fyrir áfenga drykki og vörusendingar til einkaneyslu, skulu þó gilda áfram í tengslum við slíkt fœður og matvæli.
- 6) Upplýsingar sem japönsk yfirvöld hafa lagt fram færa sönnur á að ekki er lengur nauðsynlegt að krefjast sýnatöku og greiningar á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í héruðunum Tókýó og Kanagawa varðandi hvort geislavirkni sé fyrir hendi, fyrir útflutning til Sambandsins. Hins vegar þykir rétt, þar sem ákvæðum var ekki fylgt varðandi tilteknar ætar villtar plöntur sem eru

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 297/2011 frá 25. mars 2011 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu (Stjóð. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 5).⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 961/2011 frá 27. september 2011 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 297/2011 (Stjóð. ESB L 252, 28.9.2011, bls. 10).⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2012 frá 29. mars 2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 961/2011 (Stjóð. ESB L 92, 30.3.2012, bls. 16).⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 996/2012 frá 26. október 2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 284/2012 (Stjóð. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 31).

upprunnar í héruðunum Akita, Yamagata og Nagano, að krefjast sýnatöku og greiningar þessara ætu villtu plantna sem eru upprunnar í þessum héruðum.

- 7) Að því er varðar héruðin Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Iwate og Chiba er sem stendur krafist sýnatöku og greiningar á ætisveppi, tei, lagarafurðum, tilteknum ætum villtum plöntum, tilteknu grænmeti, tilteknum aldinum, hrisgrjónum og sojabaanum og unnum og afleiddum afurðum úr þeim fyrir útflutning til Sambandsins. Sömu kröfur gilda um samsett matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum. Gögnin um tilvikin fyrir þriðja ræktunartímabilið færa sönnur á að ekki sé lengur þörf á að krefjast sýnatöku og greiningar á umtalsverðum fjölda þessara matvæla og fódurvara fyrir útflutning til Sambandsins.
- 8) Gögnin um tilvikin fyrir þriðja ræktunartímabilið færa sönnur á að rétt er að viðhalda kröfunum um sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins á ætisveppum sem eru upprunnir í Shizuoka, Yamanashi, Nagano, Niigata og Aomori.
- 9) Ákvæði þessarar reglugerðar skulu sett þannig fram að héruðin, þar sem sömu matvæli og fódur þurfa að gangast undir sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins, eru flokkuð saman til að auðvelda beitingu þessarar reglugerðar.
- 10) Mengun af völdum geislavirkni hefur ekki greinst í tei frá þriðja ræktunartímabilinu. Því er rétt að krefjast ekki lengur sýnatöku og greiningar á tei sem er upprunnið í öðrum héruðum en Fukushima fyrir útflutning til Sambandsins. Te er aðeins framleitt í litlu magni í héraðinu Fukushima og er ætlað til staðbundinnar neyslu og ekki til útflutnings. Ef svo ólíklega vildi til að te frá Fukushima væri flutt út til Sambandsins hafa japönsk yfirvöld lagt fram tryggingu fyrir því að sýnataka og greining yrði gerð á viðkomandi vörusendingum og með þeim myndi fylgja yfirlýsing sem færði sönnur á að vörusendingin hafi gengist undir sýnatöku og greiningu og að hún sé í samræmi við viðeigandi hámarksgildi. Sendingum af tei, sem er upprunnið í öðrum héruðum en Fukushima, ætti að jafnaði að fylgja yfirlýsing um að teið sé upprunnið í öðru héraði en Fukushima. Þar sem te er reglulega flutt út til Sambandsins frá þessum héruðum þá hefur þetta í för með sér verulegt stjórnsýsluálag. Með tilliti til þess að mengun hefur ekki greinst í tei frá þriðja ræktunartímabili frá því að slysið átti sér stað og hversu ólíklegt það er að te verði flutt út frá Fukushima og með tilliti til tryggingarinnar sem japönsk yfirvöld leggja fram þykir rétt að krefjast ekki lengur ábyrgðaryfirlýsingar fyrir te sem er upprunnið í öðrum héruðum en Fukushima til að draga úr stjórnsýsluálagi.
- 11) Eftirlitið, sem framkvæmt er við innflutning, sýnir að framkvæmd japanskra yfirvalda á sérstöku skilyrðunum, sem kveðið er á um í lögum Sambandsins, er rétt og að ekki hafa komið upp tilvik, þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, í meira en tvö ár. Því þykir rétt að draga enn frekar úr tíðni eftirlits við innflutning.
- 12) Rétt þykir að gera ráð fyrir því að næsta endurskoðun ákvæðanna verði þegar niðurstöðurnar úr sýnatöku og greiningu á því hvort geislavirkni sé fyrir hendi í fódri og matvælum liggja fyrir eftir fjórða ræktunartímabilið frá því að slysið átti sér stað, þ.e. eigi síðar en 31. mars 2015.
- 13) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um fódur og matvæli í skilningi 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (KBE) nr. 3954/87 ⁽⁶⁾ (hér á eftir nefnd „afurðirnar“), sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, að undanskildum:

- a) afurðum sem voru sendar frá Japan fyrir 28. mars 2011,
- b) afurðum sem voru uppskornar og/eða unnar fyrir 11. mars 2011,
- c) áfengum drykkjum sem falla undir SN-númer 2203 til 2208,

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (KBE) nr. 3954/87 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka mengun í matvælum og fódri í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástand af völdum geislunar (Stjtið. EB L 371, 30.12.1987, bls. 11).

- d) vörusendingum með fódri og matvælum, sem eru úr dýraríkinu, til einkaneyslu sem falla undir 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 206/2009⁽⁷⁾,
- e) vörusendingum með fódri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem eru ekki viðskiptalegs eðlis og eru ætlaðar einstaklingi eingöngu til einkaneyslu og notkunar. Sönnunarbyrðin skal hvíla hjá viðtakanda vörusendingarinnar ef um vafa er að ræða.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „umbreytingarráðstafanir sem kveðið er á um í japanskri löggjöf“: þær umbreytingarráðstafanir sem japönsk yfirvöld samþykktu 24. febrúar 2012 að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137, eins og sett er fram í III. viðauka,
- b) „vörusending“: það magn af fódri eða matvælum, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, sem eru í sama flokki eða með sömu lýsingu og falla undir sama skjalið eða skjölin, eru flutt með sama flutningatæki og eru frá sama héraðinu eða héruðunum í Japan, innan þeirra marka sem sett eru fram í yfirlýsingunni sem um getur í 5. gr.

3. gr.

Innflutningur inn í Sambandið

Afurðir má aðeins flytja inn í Sambandið ef þær eru í samræmi við þessa reglugerð.

4. gr.

Hámarksgildi fyrir sesíum-134 og sesíum-137

1. Afurðirnar, að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í III. viðauka, skulu vera í samræmi við hámarksgildin fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137, eins og sett er fram í II. viðauka.
2. Afurðirnar, sem tilgreindar eru í III. viðauka, skulu vera í samræmi við hámarksgildi fyrir geislavirkt sesíum sem sett er fram í þeim viðauka.

5. gr.

Yfirlýsing

1. Hverri afurðasendingu, að undanskildu tei sem fellur undir SN-númer 0902, 210120 og 22029010 og er upprunnið frá öðrum héruðum en Fukushima, skal fylgja gild yfirlýsing sem er samin og undirrituð í samræmi við 6. gr.
2. Í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., skal:
 - a) staðfesta að afurðirnar séu í samræmi við gildandi löggjöf í Japan og
 - b) tilgreina hvort afurðirnar falli undir umbreytingarráðstafanirnar, sem kveðið er á um í japönsku löggjöfinni, eða ekki.
3. Í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., skal enn fremur votta að:
 - a) afurðin hafi verið uppskorin og/eða unnin fyrir 11. mars 2011 eða
 - b) afurðin, þó ekki ætisveppir, koshiabura, bambussprotar, aralíusprotar og arnarburkni sem eru upprunnin í héruðunum Akita, Yamagata og Nagano, og ekki ætisveppir, sem eru upprunnin í héruðunum Yamanashi, Shizuoka, Niigata og Aomori, sé upprunnin í og send frá öðru héraði en Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Chiba og Iwate, eða
 - c) afurðin sé upprunnin í og send frá Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Chiba og Iwate en ekki skráð í IV. viðauka við þessa reglugerð, eða
 - d) afurðin sé send frá héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Chiba, Iwate, Akita, Yamagata, Nagano,

⁽⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 206/2009 frá 5. mars 2009 um innflutning til Bandalagsins á vörusendingum með afurðum úr dýraríkinu til einkaneyslu og um breytingu á reglugerð (EB) Nr. 136/2004 (Stjtið. ESB L 77, 24.3.2009, bls. 1).

Yamanashi, Shizuoka, Niigata og Aomori en komi ekki upprunalega frá einhverju þessara héraða og hafi ekki orðið fyrir geislavirkni við flutninginn, eða

- e) ef afurðin er ætisveppir, koshiabura, bambussprotar, aralíusprotar og arnarburkni sem eru upprunnin í héruðunum Akita, Yamagata og Nagano eða ætisveppir sem eru upprunnir í héruðunum Yamanashi, Shizuoka, Niigata og Aomori, eða afleidd afurð þeirra eða fôðurblanda eða matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, að afurðinni fylgi skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu eða
 - f) ef afurðin, sem er skráð í IV. viðauka við þessa reglugerð, er upprunnin í héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Chiba og Iwate, eða er afleidd afurð þeirra eða fôðurblanda eða matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, að afurðinni fylgi skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu. Skráin yfir afurðirnar í IV. viðauka er með fyrirvara um kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97⁽⁸⁾, eða
 - g) ef afurðirnar eða innihaldsefnið sem eru meira en 50% eru af óþekktum uppruna: að afurðinni fylgi skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.
4. Afurðir sem eru veiddar eða uppskornar í strandsjó héraðanna, sem um getur í f-lið 3. mgr., skulu falla undir yfirlýsinguna sem getið er þar, óháð því hvar slíkum afurðum er landað.

6. gr.

Samning og undirritun yfirlýsingarinnar

1. Yfirlýsingin, sem um getur í 5. gr., skal samin í samræmi við fyrirmyndina í I. viðauka.
2. Að því er varðar afurðirnar, sem um getur í a- til d-lið 3. mgr. 5. gr., skal viðurkenndur fulltrúi lögbærra japanskra yfirvalda eða viðurkenndur fulltrúi aðila, sem lögbær, japönsk yfirvöld viðurkenna og starfar undir þeirra stjórn og eftirliti, undirrita yfirlýsinguna.
3. Að því er varðar afurðirnar, sem um getur í e- til g-lið 3. mgr. 5. gr., skal viðurkenndur fulltrúi lögbærra, japanskra yfirvalda undirrita yfirlýsinguna og henni skal fylgja skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.

7. gr.

Auðkenning

Hver afurðasending skal auðkennd með kóða sem skal tilgreindur á yfirlýsingunni sem um getur í 1. mgr. 5. gr., á skýrslunni um greiningu sem um getur í 3. mgr. 6. gr., á heilbrigðisvottorði og á öllum viðskiptaskjölum sem fylgja sendingunni.

8. gr.

Skoðunarstöðvar á landamærum og tilnefndur komustaður

Afurðasendingar, að undanskildum þeim sem falla undir tilskipun ráðsins 97/78/EB⁽⁹⁾ og flytja á inn í Sambandið um skoðunarstöð á landamærum, skulu fluttar inn í Sambandið um tilnefndan komustað í skilningi b-liðar 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009⁽¹⁰⁾ (hér á eftir nefndur „tilnefndur komustaður“).

9. gr.

Fyrirframtilkynning

1. Stjórnendur fôður- og matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda lögbærum yfirvöldum á skoðunarstöð á landamærum eða á tilnefndum komustað fyrirframtilkynningu um komu hverrar sendingar af afurðum, að undanskildu tei sem er upprunnið frá öðrum héruðum en Fukushima, a.m.k. tveimur virkum dögum áður en sendingin kemur á staðinn.
2. Að því er varðar fyrirframtilkynningu skulu þeir fylla út I. hluta samræmda innflutningsskjalsins, sem um getur í a-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009, og senda það til lögbæra yfirvaldsins á tilnefnda komustaðnum eða skoðunarstöð á landamærum a.m.k. tveimur virkum dögum áður en vörusendingin kemur á staðinn.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

⁽⁹⁾ Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðisefirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukid, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fôðri og matvælum, sem eru ekki úr dýrarkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11).

Við útfyllingu samræmda innflutningsskjalsins við beitingu þessarar reglugerðar skulu stjórnendur matvælafyrirtækja taka tillit til leiðbeininganna fyrir samræmda innflutningsskjalið sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009.

10. gr.

Opinbert eftirlit

1. Lögbær yfirvöld á skoðunarstöð á landamærum eða tilnefndum komustað skulu annast:
 - a) sannpröfun skjala með öllum afurðasendingum þar sem þess er krafist að yfirlýsingin, sem um getur í 5. gr., fylgi með,
 - b) slembisannpröfun auðkenna og slembieftirlit með ástandi, þ.m.t. greining á rannsóknarstofu, til að kanna hvort sesíum-134 og sesíum-137 sé fyrir hendi. Niðurstöður greininganna skulu vera aðgengilegar innan fimm virkra daga.
2. Ef niðurstöður greiningar á rannsóknarstofu leiða í ljós að ábyrgðaryfirlýsingarnar, sem veittar eru í yfirlýsingunni, eru rangar telst yfirlýsingin ógild og sendingin af föðri eða matvælum er ekki í samræmi við þessa reglugerð.

11. gr.

Kostnaður

Stjórnandi föður- og matvælafyrirtækisins skal bera allan kostnað, sem um getur í 10. gr., sem fellur til vegna opinbers eftirlits og annast allar ráðstafanir sem gripið er til ef ákvæðum er ekki fylgt.

12. gr.

Afgreiðsla í frjálst flæði

Vörusendingin skal afgreidd í frjálst flæði með fyrirvara um að stjórnandi föður- eða matvælafyrirtækisins eða fulltrúi hans afhendi (í eigin persónu eða rafrænt) töllyfirlýðingum samræmt innflutningsskjal, sem lögbært yfirvald hefur fyllt út á tilhlýðilegan hátt, þegar öllu opinberu eftirliti er lokið. Töllyfirlýðing skulu eingöngu afgreiða vörusendinguna í frjálst flæði ef ákvörðun lögbæra yfirvaldsins, sem kemur fram í reit II.14 og undirrituð í reit II.21 í samræmda innflutningsskjalinu, er jákvæð.

13. gr.

Afurðir sem ekki uppfylla ákvæði

Afurðir sem uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar skulu ekki settar á markað. Slíkum afurðum skal fargað á öruggan hátt eða þær sendar aftur til Japan.

14. gr.

Skýrslur

Aðildarríki skulu nota hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og föður (RASFF) til að upplýsa framkvæmdastjórnina á þriggja mánaða fresti um allar niðurstöður úr greiningum. Sú skýrsla skal send í fyrsta mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs.

15. gr.

Endurskoðun

Endurskoða skal þessa reglugerð fyrir 31. mars 2015.

16. gr.

Umbreytingarákvæði

Þrátt fyrir 3. gr. er heimilt að flytja afurðir inn í Sambandið við eftirfarandi skilyrði:

- a) að þær séu í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 996/2012 og
- b) að þær hafi farið frá Japan fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða að þær hafi farið frá Japan eftir gildistöku þessarar reglugerðar en fyrir 1. maí 2014 og að þeim fylgi yfirlýsing í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 996/2012 sem gefin var út fyrir 1. apríl 2014.

17. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Yfirlýsing fyrir innflutning til Evrópusambandsins á

..... (Afurð og upprunaland)

Auðkenniskóði framleiðslulotu..... **Yfirlýsing nr.**

Í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 322/2014 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu.....
 (viðurkenndur fulltrúi sem um getur í 2. eða 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 322/2014)

LÝSIR ÞVÍ YFIR að (afurðir sem um getur í 1. gr.)
 í þessari vörusendingu sem er samsett úr: (lýsing á vörusendingu, afurð, fjöldi og tegund pakkinga, brúttó- eða nettóþyngd)
 fermd í (fermingarstaður)
 hinn (fermingardagur)
 af (nafn flutningsaðila)
 fer til (ákvörðunarstaður og -land)
 sem kemur frá starfsstöðinni (heiti og heimilisfang starfsstöðvar)

eru í samræmi við gildandi löggjöf í Japan að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137.

LÝSIR ÞVÍ YFIR að vörusendingin varðar fœður eða matvæli sem

€ **falla ekki undir umbreytingarráðstafanirnar** sem kveðið er á um í japönsku löggjöfnni (sjá III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014) að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137

€ **falla undir umbreytingarráðstafanirnar** sem kveðið er á um í japönsku löggjöfnni (sjá III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014) að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137

LÝSIR ÞVÍ YFIR að vörusendingin varðar:

€ fœður eða matvæli sem voru uppskorin og/eða þau unnin fyrir 11. mars 2011,

- € fôður eða matvæli sem eru upprunnin í og eru send frá öðrum héruðum en Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Chiba og Iwate, þó ekki ætisveppir, koshiabura, bambussprotar, araliusprotar og amarburkni sem eru upprunnin í héruðunum Akita, Yamagata og Nagano og ekki ætisveppir sem eru upprunnir í héruðunum Yamanashi, Shizuoka, Niigata og Aomori,
- € fôður eða matvæli sem eru send frá héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Chiba, Iwate, Akita, Yamagata, Nagano, Yamanashi, Shizuoka, Niigata og Aomori en koma ekki upprunalega frá einhverju þessara héraða og hafa ekki orðið fyrir geislavirkni við flutninginn,
- € fôður og matvæli, sem eru ekki skráð í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014, sem eru upprunnin í og send frá Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Chiba og Iwate,
- € koshiabura, bambussprota, amarburkna, araliusprota eða ætisveppi eða fôðurlöndu eða matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem eru upprunnin í héruðunum Akita, Yamagata eða Nagano og að sýni var tekið (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu (dagsetning) á (heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með.
- € ætisveppi eða fôðurlöndu eða matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem eru upprunnin í héruðunum Yamanashi, Shizuoka, Niigata eða Aomori, og að sýni var tekið (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu (dagsetning) á (heiti rannsóknarstofunnar), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með.
- € fôður og matvæli sem eru skráð í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014 eða fôðurlöndu eða matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem eru upprunnin í héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Chiba og Iwate, og að sýni var tekið (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu (dagsetning) á (heiti rannsóknarstofunnar), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með.
- € fôður og matvæli af óþekktum uppruna eða sem innihalda meira en 50% af innihaldsefni eða -efnum af óþekktum uppruna og að sýni var tekið (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu (dagsetning) á(heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með.

Gjört í hinn

Stimpill og undirskrift viðurkennda fulltrúans
sem um getur í 2. eða 3. mgr. 6. gr.
framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 322/2014

II. VIÐAUKI

Hámarksgildi fyrir matvæli ⁽¹⁾(Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf

	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn	Mjólk og drykkir sem eru að stofni til úr mjólk	Önnur matvæli, að eftirfarandi undanskildum: — ölkelduvatni og áþekktum drykkjum — tei sem er lagað úr ógerjuðum laufum	Ölkelduvatn og áþekkir drykkir og te sem er lagað úr ógerjuðum laufum
Samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137	50 ⁽¹⁾	50 ⁽¹⁾	100 ⁽¹⁾	10 ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skulu þessi gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildin sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (KBE) nr. 3954/87

Hámarksgildi fyrir fóður ⁽²⁾(Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf

	Fóður sem er ætlað fyrir nautgripi og hesta	Fóður sem er ætlað fyrir svín	Fóður sem er ætlað fyrir alifugla	Fiskafóður ⁽¹⁾
Samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137	100 ⁽²⁾	80 ⁽²⁾	160 ⁽²⁾	40 ⁽²⁾

⁽¹⁾ Að undanskildu föðri fyrir skrautfiska.

⁽²⁾ Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skal þetta gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildið sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 770/90 frá 29. mars 1990 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka mengun í föðri í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástand af völdum geislunar (Stjtið. EB L 83, 30.3.1990, bls. 78).

⁽¹⁾ Þegar um er að ræða þurrkaðar vörur, sem ætlaðar eru til neyslu eftir að þær hafa verið endurgerðar með því að bæta vatni í þær, á hámarksgildið við um endurgerðu vöruna þegar hún er tilbúin til neyslu. Þegar um er að ræða þurrkaða sveppi skal beita endurgerðarstuðlinum 5. Þegar um er að ræða te á hámarksgildið við um seyðið sem er lagað úr telaufunum. Vinnslustuðullinn fyrir þurrkað te er 50 og því tryggir hámarksgildi sem nemur 500 Bq/kg fyrir þurrkuð telauf að styrkurinn í lagada teinu fari ekki yfir hámarksgildið 10 Bq/kg.

⁽²⁾ Hámarksgildi í föðri, reiknað út frá 12% rakainnihaldi.

III. VIÐAUKI

Umbreytingarráðstafanir sem kveðið er á um í japanskri löggjöf og er beitt í tengslum við þessa reglugerð

- a) Mjólk og mjólkurafurðir, ölkelduvatn og áþekkir drykkir, sem eru framleidd og/eða unnin fyrir 31. mars 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíumi en sem nemur 200 Bq/kg.
- Önnur matvæli, sem eru framleidd og/eða unnin fyrir 31. mars 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíumi en sem nemur 500 Bq/kg, að undanskildum:
- afurðum úr hrisgrjónum,
 - sojabaunum og afurðum úr sojabaunum.
- b) Afurðir úr hrisgrjónum, sem eru framleiddar og/eða unnar fyrir 30. september 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíumi en sem nemur 500 Bq/kg.
- c) Sojabaunir, sem eru uppskornar og settar á markað fyrir 31. desember 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíumi en sem nemur 500 Bq/kg.
- d) Afurðir úr sojabaunum, sem eru framleiddar og/eða unnar fyrir 31. desember 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíumi en sem nemur 500 Bq/kg.

IV. VIÐAUKI

Fóður og matvæli þar sem krafist er sýnatöku og greiningar til að kanna hvort sesíum-134 og sesíum-137 sé fyrir hendi fyrir útflutning til Sambandsins

- a) afurðir sem eru upprunnar í héraðinu Fukushima:
- allar afurðir, með tilliti til undanþágnanna sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar reglugerðar,
- b) afurðir sem eru upprunnar í héruðunum Akita, Yamagata og Nagano:
- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070951, 070959, 07108061, 07108069, 07115100, 071159, 071231, 071232, 071233, 071239, 200310, 200390 og 20059980,
 - sprotar af *Aralia* sp. og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - bambussprotar (*Phyllostacys pubescens*) og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190, 071290, 200490 og 200591,
 - arnarburkni (*Pteridium aquilinum*) og afleiddar afurðir hans sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir þeirra sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
- c) afurðir sem eru upprunnar í héruðunum Yamanashi, Shizuoka, Niigata eða Aomori:
- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070951, 070959, 07108061, 07108069, 07115100, 071159, 071231, 071232, 071233, 071239, 200310, 200390 og 20059980,
- d) afurðir sem eru upprunnar í héruðunum Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Chiba eða Iwate:
- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070951, 070959, 07108061, 07108069, 07115100, 071159, 071231, 071232, 071233, 071239, 200310, 200390 og 20059980,
 - fiskur og lagarafurðir sem falla undir SN-númer 0302, 0303, 0304, 0305, 0306, 0307, 0308, 150410, 150420, 1604 og 1605, að undanskildum diskum sem falla undir SN-númer 030721, 030729 og 16055200,

- hrísgrjón og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 1006, 11029050, 11031950, 11032050, 11041991, 11041999, 11042917, 11042930, 11042959, 11042989, 11043090, 1901, 19041030, 19042095, 19049010 og 190590,
 - sojabauur og afleiddar afurðir þeirra sem falla undir SN-númer 120190, 120810, 1507,
 - sprotar af *Aralia* sp. og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - bambussprotar (*Phyllostacys pubescens*) og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190, 071290, 200490 og 200591,
 - arnarburkni (*Pteridium aquilinum*) og afleiddar afurðir hans sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - japanskur kóngaburkni (*Osmunda japonica*) og afleiddar afurðir hans sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir þeirra sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - körfuburkni (*Matteuccia struthiopteris*) og afleiddar afurðir hans sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - uwabamisou (*Elatostoma umbellatum* var. *majus*) og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - bókhveiti og afleiddar afurðir úr því sem falla undir SN-númer 10081000, 11029090, 11031990, 11032090, 11041999, 11042917, 11042930, 11042959, 11042989, 11043090, 1901, 19041090, 19042099, 19049080 og 190590,
- e) samsettar vörur sem innihalda meira en 50% afurðanna sem um getur í a- til d-lið þessa viðauka.